

---

# Landafundanefnd - skýrsla

3.1.2001

## Inngangur

Ríkisstjórn Íslands vildi minnst landafunda og sameiginlegrar sögu okkar og íbúa Norður Ameríku með veglegum hætti, enda höfðu landafundirnir ekki skipað þann sess í sögu þjóðanna vestan hafs sem þeim bar. Góð samstaða var meðal allra flokka á Alþingi um þessi mál og stuðlaði hún að góðum árangri af áttakinu.

Í upphafi árs 1998 lá fyrir hvaða markmiðum stjórnvöld vildu ná með því að minnst árþúsundanna og landafundanna í vesturheimi. Ljóst var að þessi tímamót gáfu kærkomið tækifæri til að minna almenning í Bandaríkjunum og Kanada á sameiginlega sögu þjóðanna, sem felst í siglingum Leifs Eiríkssonar og síðar annarra manna af íslenskum ættum til Norður Ameríku fyrir þúsund árum. Þá var það vilji stjórnvalda að með hátíðarhöldum árið 2000 mætti efla og dýpka tengsl Íslendinga við fólk af íslenskum uppruna í Kanada og efla í leiðinni samskipti stjórnvalda á Íslandi, við stjórnvöld í Bandaríkjunum og Kanada.

Til að stýra verkum skipaði forsætisráðherra landafundanefnd í janúar 1998. Í þessari skýrslu er greint frá því starfi sem fram fór á vegum landafundanefndar sem var skipuð í upphafi árs árið 1998. Nefndin kappkostaði að eiga samstarf við sem flesta bæði innanlands sem utan til að gera hátíðarhöldin árið 2000 vegleg og eftirminnileg.

Innanlands var haft samstarf við listamenn, fræðimenn, fyrirtæki og stofnanir um þá dagskrá sem fram fór á vegum nefndarinnar í Bandaríkjunum og Kanada. Mikill fjöldi einstaklinga kom þar að og verður ekki hægt að geta þeirra allra í þessari skýrslu. Að frátöldu starfsfólki landafundanefndar kom starfsfólk utanríkisþjónustunnar að framkvæmd hátíðarhaldanna og gott samstarf tókst við fjölda félaga, fyrirtækja, einstaklinga og stofnana í löndunum þar sem hátíðarhöldin fóru fram. Öllu þessu fólki færir landafundanefnd þakkir fyrir vel unnin störf.

Skýrslan sem hér fer á eftir er yfirlitsskýrsla um störf landafundanefndar. Henni fylgja viðaukar þar sem einstök mál og verkefni eru skýrð nánar. Formlegri dagskrá á vegum landafundanefndar er lokið og nefndin líkur störfum um komandi áramót.

## Skipun landafundanefndar

Davíð Oddsson forsætisráðherra skipaði landafundanefnd hinn 20. janúar árið 1998. Nefndinni var ætlað veigamikið hlutverk í skipulagningu og framkvæmd hátíðarhalda í tilefni að því að árið 2000 voru eitt þúsund ár liðin frá landafundum norrænna manna í Ameríku. Nánar er greint frá hlutverki nefndarinnar í erindisbréfi forsætisráðherra til formanns nefndarinnar sem birt er í fylgiskjali 1 en þar segir meðal annars: *Nefndin skal svo fljótt sem verða má á árinu 1999 leggja fram tillögu að verkefnaskrá og dagskrá fyrir væntanleg hátíðarhöld og vinna að framkvæmd þeirra á árunum 1999 og 2000.* Nefndin skilaði síðan fyrstu tillögum sínum til ríkisstjórnarinnar hinn 2. apríl 1998 og verður nánar vikið að þeim síðar.

## Landafundanefnd

Í landafundanefnd voru skipuð: Sigurður Helgason forstjóri Flugleiða, formaður, Atli Ásmundsson blaðafulltrúi, Anna Soffía Hauksdóttir prófessor við Háskóla Íslands, Kornelíus Sigmundsson

forsetaritari, Steindór Guðmundsson, verkfræðingur og Ármann Kr. Ólafsson aðstoðarmaður samgönguráðherra, sem var skipaður nokkru síðar en hin í nefndina.

Þær breytingar urðu á skipan manna í nefndinni á starfstíma hennar að Róbert Trausti Árnason tók við af Kornelíusi Sigmundssyni þegar Róbert Trausti tók við embætti hans sem forsetaritari og síðar settist Stefán L. Stefánsson í nefndina þegar hann tók við starfi forsetaritara. Helga Haraldsdóttir tók sæti í stað Ármanns Kr. Ólafssonar hinn 1. september 1999 og Laufey Guðjónsdóttir sat í nefndinni um eins árs skeið í fjarveru Önnu Soffíu Hauksdóttur.

Steindór Guðmundsson lést snemma árs 2000.

### **Starfsfólk**

Einar Benediktsson sendiherra var ráðinn framkvæmdastjóri landafundanefndar frá janúar 1998 og Kristín Sif Sigurðardóttir var ráðin honum til aðstoðar. Guðrún Fjöla Gränz var ráðin fjármálastjóri nefndarinnar í september 1998.

Um mitt ár árið 1999 var ákveðið að skipa sérstaka framkvæmdanefnd til að stýra verkum milli funda landafundanefndar. Í henni sátu Skarphéðinn B. Steinarsson skrifstofustjóri forsætisráðuneytisins, formaður, Atli Ásmundsson og Einar Benediktsson. Í september 1999 var Guðjón Arngrímsson ráðinn í stöðu dagskrár- og kynningarstjóra. Á sama tíma lét Kristín Sif af störfum sem aðstoðarmaður framkvæmdastjóra landafundanefndar. Þá var María Kristín Gylfadóttir ráðinn til starfa í júlí 1999 með aðsetur í sendiráði Íslands í Washington.

Þegar undirbúningur siglingar Íslendinga til Ameríku var kominn á lokastig var ákveðið í samráði við Íslending ehf. að ráða Heimi Má Pétursson sem verkefnisstjóra siglingarinnar. Hann tók til starfa í maí 2000.

Auk starfsmanna landafundanefndar komu starfsmenn utanríkisþjónustunnar að skipulagningu og framkvæmd mála. Magnús Bjarnason viðskiptafulltrúi í New York og samstarfsmaður hans Pétur Óskarsson ásamt Thor Thors unnu fyrir nefndina lengst af starfstíma hennar.

Snemma árs 1999 ákvað utanríkisráðherra að staðsetja starfsmann utanríkisþjónustunnar í Winnipeg í Kanada. Á meðal verkefna hans var að vinna að framgangi verkefna á vegum landafundanefndar. Svavar Gestsson, sendiherra, fór til starfa sem aðalræðismaður í Winnipeg. Honum til aðstoðar á skrifstofu aðalræðismanns í Kanada voru Helga Bertelsen og Harpa Ísfeld.

Jón Baldvin Hannibalsson sendiherra Íslands í Bandaríkjunum og Kanada kom að undirbúningi og skipulagningu dagskrár ásamt starfsfólki sendiráðsins.

Ákveðið var að hafa það verklag við undirbúning, skipulag og framkvæmd dagskrár í Bandaríkjunum og Kanada, að yfirstjórn, samræming, fjármál og samskipti yrðu á skrifstofunni nefndarinnar í Reykjavík en umsjón með framkvæmd í einstökum bæjum og borgum yrði hjá fulltrúum nefndarinnar vestanhafs. Starfsmaður nefndarinnar í Washington skyldi annast Seattle, Minneapolis og Washington auk hátíðar í Norfolk. Skrifstofa viðskiptafulltrúa í New York annaðist Boston, Los Angeles, Providence, Mystic Seaport og New Haven auk New York. Sigurjón Sighvatsson, aðalræðismaður í Los Angeles, og Hekla Jónsdóttir önnuðust skipulagningu í Los Angeles. Aðalræðismaður Íslands í Kanada annaðist alla viðburði á vegum nefndarinnar í Kanada. Ræðismenn Íslands í Bandaríkjunum og Kanada komu að undirbúningi auk fjölmargra annarra velunnara dagskrárinnar. Var framlag þeirra ómetanlegt. Sérstaklega ber að nefna Örn Arnar ræðismann í Minneapolis og eiginkonu hans Margréti Arnar.

Um mitt ár 1999 ákvað ríkisstjórnin að almenn landkynningarmál í Bandaríkjunum og Kanada

skyldu vera á vegum átaks sem nefndist *Iceland-Naturally*, en samgönguráðherra skipaði stjórn verkefnisins. Um er að ræða samstarf ríkisins og íslenskra fyrirtækja sem selja vörur og þjónustu vestanhafs. Kostnaður átaksins skiptist milli samstarfsaðila. Ríkið greiðir 70% kostnaðarins. *Iceland-Naturally* er ætlað að standa að kynningu á Íslandi og íslenskri menningu í Bandaríkjunum og Kanada næstu fimm árin. Skipunarbréf *Iceland-Naturally* er að finna í fylgiskjali 2.

Starfsmenn landafundanefndar og *Iceland-Naturally* unnu náið saman við undirbúning og framkvæmd viðburða í Bandaríkjunum og Kanada. Þetta fyrirkomulag hefur tekist vel. Það er enda mun eðlilegra að viðskiptalífið geti með þessum hætti komið að framsetningu kynningarmála með fulltrúum hins opinbera þannig að samstarfið sé náið frá upphafi. Dagskrá eða viðburðir allir á vegum landafundanefndar urðu undirstaðan að starfi *Iceland-Naturally*. *Iceland-Naturally* skipulagði kynningarstarf sitt að töluveru leyti í kring um dagskrá landafundanefndar, enda miklu betra að ná í gegn með samstilltu átaki beggja. Íslensk fyrirtæki sem leggja fjármuni í *Iceland-Naturally* eiga lof skilið fyrir þá framsýni að sjá hag sinn í að kynna hreina ímynd og náttúru landsins.

### **Verkefni landafundanefndar**

Við undirbúning dagskrár var þess gætt að hún væri fjölbreytt og í samræmi við þau markmið sem nefndinni hafði verið sett í upphafi. Mest áhersla var lögð á frambærilegt menningarefni, sem annað hvort undirstrikaði sameiginlega sögu þjóðanna eða stæði fyrir það besta sem íslenskt menningarlíf hefur upp á að bjóða.

Nefndin ákvað að gerðir skyldu samningar við listamenn og fyrirtæki að undangenginni auglýsingu þar sem óskað var eftir hugmyndum einstaklinga, fyrirtækja og stofnana um einstaka viðburði. Aldrei var ætlunin að nefndin stæði sjálf að framkvæmd viðburða. Lögð var áhersla á að kalla fram og nýta frumkvæði og áhuga heimafólks, og byggt var upp samstarf við Íslendinga, Íslandsvini og fyrirtæki í Íslandsviðskiptum. Þannig nýttist ómetanleg þekking margra aðila við framkvæmd og kynningu og fyrri tengsl voru styrkt og ný mynduð sem nýst geta í framtíðinni. Landafundanefnd hafði hins vegar eftirlit með að verkefnin uppfylltu þær væntingar og markmið sem sett voru með skipan nefndarinnar.

### **Auglýst eftir umsóknum**

Í lok janúar 1998 var auglýst eftir hugmyndum og umsóknum um styrki þeim tengdum. Umsóknarfrestur rann út í lok mars 1998. Auglýsingin er birt í fylgiskjali 3.

Alls bárust umsóknir og tillögur frá nær 70 aðilum og var ákveðið að ganga til samninga við röska helming þeirra. Þótt flest verkefnin sem nefndin styrkti hafi komið til eftir auglýsingu var ákveðið að leita til nokkurra listamanna með atriði sem þurfti til að bæta dagskrána. Þá hafði nefndin samstarf við Reykjavík – menningarborg Evrópu árið 2000 um nokkra viðburði. Það samstarf tókst mjög vel.

### **Verkefni sem hlutu styrki**

Landafundanefnd styrkti alls um 40 verkefni sem skyldu verða hluti af opinberum hátíðarhöldum Íslendinga í Ameríku. Verkefnin voru misjafnlega stór að sniðum bæði hvað varðaði kostnað og umfang og hvað varðaði fjölda þátttakenda eða sviðsetningu. Nokkur verkefni voru áberandi stærst. Þar ber fyrst að nefna siglingu Íslendinga, sem dró að sér meiri athygli en nokkur innan sem utan landafundanefndar hafði spáð fyrir um. Siglingin var einnig eitt stærsta verkefni landafundanefndar hvað varðar fjárframlög. Á bakvið þessa miklu athygli liggur skipulag og vinna sem nánar verður fjallað um síðar í þessari skýrslu.

Annað stórt verkefni var sögusýningin í *Library of Congress*, samstarf um víkingasýninguna í Smithsonian-safninu í Washington DC, ferð Sinfóníuhljómsveitar Íslands til Kanada og Bandaríkjanna, kvikmyndahátíð í Los Angeles og fleira. Tólf umsóknir bárust um styrki til kvikmyndagerðar og var Kvikmyndasjóði falið að meta þær og annast síðan alla milligöngu um

greiðslu styrkjanna. Þá styrkti nefndin þróun og framleiðslu fræðsluleikjar á veraldarvefnum sem nú þegar hefur verið settur upp á heimasíðu Iceland-Naturally. Heildarkostnaður við gerð leikjarins er um 80 milljónir króna og var meirihluti þess kostnaðar greiddur af Ericson símafyrirtækinu.

Listinn hér fyrir neðan sýnir þau verkefni sem landafundanefnd styrkti og hvað nefndin lagði til í framlögum. Nánari útlistingu um þátt einstakara verkefna í heildardagskrá landafundanefndar er að finna í öðrum köflum þessarar skýrslu og í fylgiskjali 4. Yfirlit yfir fjármál nefndarinnar er að finna í fylgiskjali 11.

**Verkefni á vegum landafundanefndar** (upphæðir í þúsundum króna)

01.	Leiðangur Íslendinga	57.000
02.	Kvikmyndasjóður - styrkur til	49.295
03.	mynda	20.000
04.	Bær Eiríks rauða og Þjóðhildarkirkja	20.000
05.	Þjóðmenningarhús -	17.000
06.	landafundasýning	14.500
07.	Sinfóníuhljómsveit Íslands	10.206
08.	Fræðsluleikur - Oz hf.	10.000
09.	Ferðir Guðríðar - leikþáttur	7.800
10.	Listasafn Íslands	4.500
11.	Jónas Þór	4.300
12.	Landsbókasafn	4.000
13.	Stofnun Sigurðar Nordals	4.000
14.	Karлакór Reykjavíkur	3.707
15.	Kvikmyndahátíðir	3.500
16.	Brúðuleikhús, Hallveig Thorlacius	1.800
17.	Trío Björns Thoroddsen - Egill	1.500
18.	Ólafsson	1.400
19.	Mál og menning	1.250
20.	Viðar Hreinsson - ævisaga Stephens	1.200
21.	G.	1.100
22.	Caput	1.000
23.	Norræna félagið	905
24.	Ásmundarstytta	800
25.	Þjóðlagahópurinn Embla	590
26.	Stofnun Vilhjálm Stefánssonar	520
27.	Leikhúsið 10 fingur	520
28.	Ljósmyndasýning Páls Stefánssonar	500
29.	Jónas Ingimundarson / Auður	370
30.	Gunnarsd.	300
31.	Maus - hljómsveit	300
32.	Quarashi - hljómsveit	300
33.	Bókaútgáfa Leifs Eiríkssonar	300
34.	Popptónleikar í New York	250
35.	Karлакór Kjalnesinga	250
36.	Magnús Guðmundsson -	180
37.	tónlistarmaður	120
38.	Slowblow - hljómsveit	100
39.	Strengjakvartett	86
40.	Future Ice - X-18	50
41.	Ríkey Ríkharðsdóttir	20
	Helgi Áss stórmeistari til	<b>245.518</b>
	Bandaríkjanna	
	Sigríður Kristjánsdóttir - frá Grund	
	Fræðimenn til Winnipeg	
	Fræðimenn til St. John's	
	Anna Einarsdóttir, bókakynning	
	Leifur Eiríksson - málfundafélag	
	<b>Samtals:</b>	

Þegar drög að dagskrá landafundanefndar lágu fyrir kynnti forsætisráðherra hana í ríkisstjórn. Ríkisstjórnin samþykkti dagskrána ásamt fjárhagsramma hennar. Hefur sú fjárhagsáætlun sem þar birtist að mestu gengið eftir.

Landafundanefnd fékk fyrst framlag úr ríkissjóði á fjárlögum ársins 1998 alls 28,1 m.kr. Á árinu 1999 var framlag til nefndarinnar 130,5 m.kr. og árið 2000 var framlag á fjárlögum 217,5 m.kr. og á fjáraukalögum þess árs 12 m.kr. Á árinu 2001 er ráðgert að framlag á fjárlögum verði 13 m.kr. Heildarframlög til nefndarinnar á fjórum árum verða því 401,1 m.kr.

### **Aðferðafræði við samningagerð**

Landafundanefnd mótaði strax í upphafi nokkrar meginreglur í samningum við þá sem tóku að sér verkefni á vegum nefndarinnar. Allir þeir sem gengið var til samninga við þurftu að uppfylla þessar reglur. Í fyrsta lagi þurfti samingsaðili að hafa skýr markmið með viðfangsefni sínu og það varð að falla að þeim ramma sem settur hafði verið um dagskrá á vegum nefndarinnar. Allir sem fengu styrki lögðu fram skilgreiningu á verkefninu ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun. Þannig var hægt að fylgjast með efndum einstakra ákvæða samnings. Styrkþegar skiluðu inn áfangaskýrslum svo landafundanefnd gæti fylgst með framvindu undirbúnings og framkvæmd verkefna.

Greiðslum fyrir verkefni var skipt niður. Hvert verkefni þurfti að fullnægja tilteknum skilyrðum áður en greitt var fyrir hvern áfanga og lokagreiðsla, sem yfirleitt var á bilinu 15 – 20% af heildarstyrk, var ekki greidd fyrr en að verkefni loknu.

Landafundanefnd gerði þá kröfu til styrkþega að hennar væri getið í allri kynningu á verkefnum, s.s. eins og í útgefinni dagskrá ef um hana var að ræða. Nafnið landafundanefnd var hins vegar vinnuheiti sem notað var hér heima, en vestanhafs hét nefndin *The Leifur Eiríksson Millennium Commission*. Síðar var ákveðið að í kynningarefni mætti allt eins skírskota til *Iceland-Naturally* eða annarra íslenskra hagsmuna, allt eftir eðli máls hverju sinni og aðstæðum á hverjum stað, enda kemur það verkefni til að standa nokkur ár enn

Allir samningar voru með ákvæði um úrlausn ágreinings sem kynni að koma upp og fólu í sér ákvæði um endurkröfurétt landafundanefndar á veittum styrk ef ekki var staðið við samninga.

### **Skipulag dagskrár**

Hinn 3. nóvember 1999 boðaði forsætisráðherra til blaðamannafundar þar sem dagskrá landafundanefndar í Vesturheimi var kynnt, en þá lá fyrir val á borgum og svæðum þar sem efnt skyldi til atburða af einhverju tagi. Í þessari dagskrá sem kynnt var undir heitinu *Endurfundir*, var greint frá 230 viðburðum sem fram færu á 70 stöðum í Kanada og Bandaríkjunum. Við nánari útfærslu dagskrárinnar urðu viðburðirnir hins vegar nær 400 en fréttatilkynning forsætisráðuneytisins og listi yfir endanlega viðburði eru í fylgiskjali 5.

Við skipulag dagskrárinnar var haft að leiðarljósi að Ísland og íslensk menning setti svip sinn á borgir og svæði í nokkra daga í senn. Á austurströnd Bandaríkjanna voru þessir viðburðir tengdir komu Íslendinga til einstakra hafna. Unnið var náðið með einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum við skipulag viðburða, bæði í Vesturheimi og hér heima. Óhætt er að fullyrða að samanlögð dagskrá landafundanefndar sé víðamesta útrás íslenskrar menningar og sögu í Norður Ameríku sem fram hefur farið. Markmiðið með dagskránni var fyrst og fremst að glæða áhuga almennings vestanhafs á íslenski menningu og sögu og tengsl Íslendinga við þjóðir Norður Ameríku. Að efla tengsl íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld vestanhafs og hlúa að og styrkja tengslin við vestur Íslendinga.

Í tengslum við dagskrá landafundanefndar fór stór hópur listamanna, fræðimanna, fulltrúa atvinnulífsins, embættismanna og stjórnámálamanna til Kanada og Bandaríkjanna. Forseti Íslands,

forsætisráðherra, utanríkisráðherra, menntamálaráðherra, samgönguráðherra, borgarstjórinn í Reykjavík og varaforsetar Alþingis fóru í heimsóknir í tengslum við dagskrána. Fyrir utan menningar- og listviðburði og siglingu Íslendinga voru haldnar ráðstefnur og fundir um sameiginleg málefni þjóðanna á ýmsum sviðum.

Þótt ýmsir atburðir á vegum landafundanefndar hafi átt sér stað í lok árs 1999 og á fyrstu mánuðum ársins 2000 er miðað við að dagskráin hafi formlega byrjað í Ottawa í Kanada 6. apríl árið 2000. Þann dag kom Davíð Oddsson forsætisráðherra í heimsókn til Kanada og afhenti m.a. Jean Chrétien forsætisráðherra Kanada stytta af Guðríði Þorbjarnardóttur. Formlegri dagskrá lauk í Árborg í Geysisbyggð í Manitoba 22. október 2000, þegar Davíð Gíslason, formaður Millennium 125 sleit dagskránni í Kanada. Davíð Oddsson forsætisráðherra var viðstaddur athöfnina í Árborg. Enn eru þó eftir einstakir viðburðir og ber þar hæst sýning í Corcoran listasafninu í Washington, en sýningin er samstarfsverkefni safnsins og Listasafns Íslands.

## **Grænland**

Í júlímánuði fóru fram hátíðarhöld á Grænlandi þar sem minnst var þúsund ára kristni og um leið byggð norrænna manna á Grænlandi. Víkingaskipið Íslendingur kom þangað þann 15. júlí og dvaldi þar til 20. júlí. Gunnar Marel Eggertsson skipstjóri afhjúpaði stytta af Leifi Eiríkssyni við hátíðlega athöfn en meðal íslenskra gesta við hátíðarhöldin voru Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands ásamt nokkrum þingmönnum. Margrét Þórhildur Danadrottning og Hinrik prins fóru í siglingu með Íslendingi um Eiríksfjörð ásamt forseta Íslands og lögmanni Grænlands.

Landafundanefnd strykta byggingu húsa í Brattahlíð á Grænlandi í þeirri mynd sem talið er að þau hafi litið út þegar Eiríkur rauði og eiginkona hans Þjóðhildur bjuggu á Grænlandi fyrir um þúsund árum. Hinn 16. júlí afhenti Árni Johnsen formaður byggingarnefndar Þjóðhildarkirkju og Eiríksstaða heimamönnum húsinn

## **Kanada**

Dagskráin í Kanada var mjög viðamikil og minnti Ísland á sig meira og minna um allt Kanada eins og fram kemur í greinargerð Svavars Gestssonar sendiherra í fylgiskjali 6. Öruggt má telja að á þessu ári hafi mikið áunnist í að efla tengsl þjóðanna og að samband Íslendinga við frændur sína í Kanada hafi eflst til muna.

Davíð Oddsson forsætisráðherra fór í heimsókn til Kanada í apríl og Sturla Böðvarsson samgönguráðherra var gestur Charles Furey samgönguráðherra Nýfundnaland í ágúst. Þá fór Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands í opinbera heimsókn til Kanada í ágúst og vakti sú heimsókn mikla athygli. Tekið var á móti forsetanum í Winnipeg. Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra fór bæði til Nýfundnaland og Toronto og tók þátt í hátíðarhöldum í júlí og ágúst.

Í tilefni hátíðarhaldanna í Kanada var sett á laggirnar nefnd sem kölluð var Millennium 125. Fólk af íslenskum uppruna og sem búsett er í Kanada átti frumkvæði að stofnun nefndarinnar. Davíð Gíslason, bóndi í Árborg, var formaður og Neil Bardal, aðalræðismaður Íslands í Gimli, varaformaður. Heiti nefndarinnar vísar til þess að 125 ár eru liðin frá landnámi Íslendinga í Nýja Íslandi og var markmið nefndarinnar að minnast þess auk landafundanna sjálfra. Sjálfboðaliðar á vegum nefndarinnar komu að undirbúningi víða í Kanada og tókst mjög gott samstarf milli nefndarinnar og landafundanefndar.

Fyrsti viðkomustaður víkingaskipsins Íslendinga í Norður Ameríku var í L'ans aux Meadows á Nýfundnalandi og vakti koma skipsins þangað mikla athygli jafnt innan Kanada sem utan. Komu skipsins var sjónvarpað beint um allt Kanada og raunar víðar, því sjónvarpið á Nýfundnalandi bauð öllum sjónvarpsstöðvum heims að taka útsendinguna niður um gerfihnött til útsendingar þeim að

kostnaðarlausu. Efnið var síðan endursýnt nokkrum sinnum og þar af einu sinni um allt Kanada. Skipið heimsótti tíu hafnir á Nýfundnalandi og tvær á Nova Scotia og er talið að vel yfir 120 þúsund manns hafi heimsótt skipið í þessum höfnum. Heimsókn Íslendinga til Nýfundnaland var unnin í nánú samstarfi og samkvæmt samningi við stjórnvöld á Nýfundnalandi, og tókst það samstarf í alla staði vel. Nánar er fjallað um siglingu Íslendinga í fylgiskjali 7.

Sinfóníuhljómsveit Íslands hóf tónleikaför sína um Norður Ameríku með tónleikum í Winnipeg í október. En hljómsveitin hélt alls 13 tónleika í 13 borgum í Kanada og Bandaríkjunum, þar sem m.a. var frumflutt nýtt verk eftir Atla Heimi Sveinsson. Þá styrkti landafundanefnd þýðingar og útgáfu tveggja bóka sem snerta bæði fyrra og síðara landnám Íslendinga í Vesturheimi. Þetta eru bækurnar *Nýja Ísland* eftir Guðjón Arngrímsson og *Vínlandsgátan* eftir Pál Bergþórsson. Einnig var ákveðið að styrkja Viðar Hreinsson til að rita ævisögu Stephans G. Stephanssonar og Jónas Þór til að rannsaka, rita og gefa út bók á ensku um sögu Íslendinga í Ameríku, *Icelandic Settlements in America 1856 - 1914*.

## **Bandaríkin**

Viðburðir á vegum landafundanefndar voru víða á austurströnd Bandaríkjanna sem og í Minneapolis í mið-vestrinu og á vesturströndinni, einkum í Seattle, San Fransisco og Los Angeles, eins og nánar er greint frá í greinargerð Magnúsar Bjarnasonar viðskiptafulltrúa í fylgiskjali 8. Flestir atburðanna á austurströndinni tengdust komu Íslendinga en hann kom samtals í sjö hafnir í Bandaríkjunum og er dagskrá þeirra hafna ásamt siglingaráætlun í fylgiskjali 9. Síðasti viðkomustaður Íslendinga var New York borg þar sem hann var fyrst opin almennungi til sýnis í South Street Seaport safninu en síðustu vikuna var hann við höfn sem tengdist opnun víkingasýningarinnar í New York Museum of Natural History.

Samstarf tókst milli landafundanefndar og aldamótanefndar Hvíta hússins (*The White House Millennium Council*), að mestu fyrir tilstuðlan Einars Benediktssonar sendiherra. Ísland var eina ríkið sem bandarísk stjórnvöld gerðu samstarfssamning við vegna hátíðarhalda í tengslum við árþúsundin. Stofnuð var samstarfsnefnd milli Íslands og Bandaríkjanna um samvinnu í tengslum við viðburði tengdum árþúsundunum og landafundunum. Einar Benediktsson var annar tveggja formanna nefndarinnar og gerir hann nánar grein fyrir samstarfinu í fylgiskjali 10. Nefndin hafði m.a. áhrif á að glæsileg víkingasýning í *National Museum of Natural History*, hluta *Smitsonian* safnsins í Washington DC, varð að veruleika. Sýningin er farandsýning en talið er að um tvær milljónir manna hafi sótt hana á meðan hún var í Washington DC. Eftirtaldir áttu sæti í nefndinni fyrir Íslands hönd: Einar Benediktsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Atli Ásmundsson, Anna Soffía Hauksdóttir, Jón Yard Árnason og Magnús Gústafsson.

Landafundanefnd styrkti handrita- og bókmenntakynningu sem Landsbókasafn- Háskólabókasafn átti frumkvæði að. Eftir að sýningin hafði verið sett upp hér á landi var hún sett upp í bandarísku þjóðarþóklöðunni, *Library of Congress* í Washington og seinna í *Cornell háskóla* í New York fylki og *Manitoba háskóla* í Winnipeg. Sýningin var vel sótt en á henni komu margar af gersemum íslenskra handrita í fyrsta skipti fyrir augu Bandaríkjamanna.

Þá tókst samstarf á milli Seðlabanka Íslands og U.S. Mint um útgáfu sérstaks minningarpenings í tilefni árþúsundamótanna. Þetta var í fyrsta skipti sem Bandaríkjamenn gáfu út mynt í samvinnu við aðra þjóð og þurfti lagabreytingu á bandaríska þinginu, til að útgáfunni gæti orðið. Ágóðinn af útgáfu myntarinnar gæti orðið allt að þrjár milljónir dollara og rennur hann í sérstakan sjóð til styrktar stúdentaskiptum.

## **Umfjöllun fjölmiðla**

Eitt meginmarkmið dagskrár landafundanefndar var að glæða áhuga almennings í Norður Ameríku á íslenskri menningu og sögu. Áhrifaríkasta leiðin til að ná til almennings er í gegnum fjölmiðla. Atburðum á vegum landafundanefndar voru gerðir góð skil í fjölmiðlum í Kanada og



Bandaríkjunum. Enginn einn liður vakti þó eins mikla athygli og sigling Íslendinga vestur um haf. Greint var frá brottför Íslendinga frá Íslandi í um 50 sjónvarpsstöðvum í Bandaríkjunum og Kanada og í um 20 sjónvarpsstöðvum í Evrópu og tugir dagblaða og tímarita birtu greinar um brottförina.

Það er flókið mál að ná athygli fjölmiðla í Kanada og í Bandaríkjunum, sérstaklega í Bandaríkjunum. Mikil og markviss vinna fór fram til að beina kastljósi fjölmiðlanna að Íslandi. Í New York og Los Angeles var keypt þjónusta af almannatengslafyrirtækjum, en yfirleitt var reynt að nýta þau sambönd sem samstarfsaðilar nefndarinnar hafa. Þannig var þekking og reynsla ferðamálaráðs á Nýfundnalandi nýtt til að gera Ísland að miðpunkti atburða og samvinna var höfð við fjölmiðlafulltrúa samstarfsaðila í Boston Aquarium, hjá borgaryfirvöldum og ferðamálaráði í Providence, Egyptian Theater í Los Angeles, kynningar og söludeild Flugleiða bæði á Íslandi og vestanhafs ásamt starfsmönnum Ferðamálaráðs Íslands hér og ytra og þannig mætti lengi telja.

Þá unnu landafundanefnd og Flugleiðir sameignlega að því að bjóða um 25 manna hópi fjölmiðlafólks frá Kanada og Bandaríkjunum til Íslands í júní 2000, sem hafði sitt að segja um þá athygli sem brottför Íslendinga frá Reykjavík hlaut. Starfsmenn landafundanefndar útbjuggu kynningarefni fyrir erlenda fjölmiðla og veittu þeim faglega aðstoð. Haft var beint samband við fjölda fjölmiðlafólks í gegnum síma, tölvupóst eða bréfasendingar. Bæði landafundanefnd og *Iceland-Naturally* settu upp heimasíður á ensku og *Íslendingur ehf.* setti sömuleiðis upp heimasíðu þar sem hægt var að fylgjast náið með ferðum skipsins.

Siglingar skipsins var getið í flestum svæðisbundnum fjölmiðlum þar sem það kom en nokkrir af stærstu og virtustu fjölmiðlum heims fylgdust einnig reglulega með siglingu skipsins. Þar má nefna fjölmiðla eins og sjónvarpsstöðvarnar CNN, ABC og NBC og dagblaðið The New York Times. ABC svæðisstöðvarnar greindu frá siglingunni á hverjum viðkomustað og þegar skipið kom til New York var greint frá því á landsvísu. Channel 5, ein vinsælasta sjónvarpsstöðin á Boston svæðinu, myndaði brottförina frá Íslandi, komuna til L'ans aux Meadows og komuna til Portsmouth, fyrstu hafnar í Bandaríkjunum og gerði úr því hálf tíma þátt sem sýndur var á besta tíma daginn áður en Íslendingur kom til Boston.

Í öllu starfi landafundanefndar var markmiðið að vekja athyglu fjölmiðla í Kanada og Bandaríkjunum og lítil sem engin áhersla lögð á fjölmiðla í Evrópu. Engu að síður veittu evrópskir fjölmiðlar siglingunni athygli og má þar nefna BBC – Radio í Bretlandi, danska ríkissjónvarpið, dagblöð á Norðurlöndunum, í Þýsklandi, Frakklandi og Bretlandi og jafnvel víðar eins og í Japan. Þá sendu bæði AP fréttastofan og Reuters myndir og texta á fréttanet sitt frá brottförinni í Reykjavík og er ómögulegt að segja hversu víða þær myndir og textar birtust. AP fréttastofan setti einnig frétt af komu skipsins til Boston á fréttanet sitt og birtist efni úr þeirri frétt í fjölda blaða og tímarita í Bandaríkjunum.

### **Niðurstöður**

Það er erfitt að meta árangur af starfi landafundanefndar, þar sem slíkt mat yrði alltaf mjög huglægt. Viðburðir á vegum nefndarinnar fóru yfirleitt fram eins og að var stefnt en vissulega gengu einstaka viðburðir ekki eins vel og aðrir hvað varðar athygli og aðsókn. Ef leggja á mat á árangurinn í ljósi þeirrar athygli sem Ísland hlaut í fjölmiðlum í Kanada og Bandaríkjunum og víðar, getur það reynst flókið og dýrt. En *Iceland-Naturally* fékk fyrirtækið *Smart Research* í New York til að reyna slíkt mat sem þó tók ekki til allrar umfjöllunarinnar.

Samkvæmt niðurstöðum *Smart Research* náði umfjöllun fjölmiðla í Bandaríkjunum til yfir 80 milljón manna. Verðmæti þessarar umfjöllunar er talið vera um 18,9 milljónir Bandaríkjadala, eða um 1,7 milljarðar íslenskra króna (PR-value). Tekið skal fram að athugun fyrirtækisins er ekki endanleg, þar sem mjög dýrt er að eltast við hverja einustu grein og hverja umfjöllun í sjónvarpi og útvarpi. Þá nær mælingin ekki til umfjöllunar fjölmiðla vegna viðburða sem voru í Minneapolis í Seattle og á

Vesturströndinni og mælir því einungis hluta umfjöllunarinnar.

Eins og fram hefur komið fékk sigling Íslendinga einnig mikla umfjöllun á Nýfundnalandi og í Kanada. Samstarfsaðilar landafundanefndar á Nýfundnalandi létu sérfræðinga meta verðmæti þeirrar umfjöllunar sem landafundahátíðarhöldin þar fékk í fjölmiðlum. Þeir telja verðmætið vera um 40 milljón Kanadadollara, eða um 2,3 milljarða íslenskra króna. Þar er að sjálfsgöðu verið að mæla umfjöllun um atburði á Nýfundnalandi en sú umfjöllun snérist að mjög miklu leyti um siglingu Íslendinga og sjaldan fór á milli mála hvaðan Íslendingur kom og áhöfn skipsins var gjarnan miðpunktur umfjöllunarinnar. Má því segja að sú umfjöllun hafi að nær öllu leiti komið Íslandi til góða.

Við þetta mat er ekkert tillit tekið til þeirra athygli sem Ísland fékk í Evrópu og Asíu. Danska ríkissjónvarpið var með ítarlega umfjöllun um siglingu Íslendinga og aðir fjölmiðlar á Norðurlöndunum gerðu siglingunni og Íslandi skil vegna þúsund ára afmælis siglingar Leifs Eiríkssonar. Þá fjölluðu dagblöð og sjónvarpsstöðvar víðs vegar um Evrópu um Ísland og þýska tímaritið *Der Spiegel* var með stóra grein um víkingana. Tvö tímarit með heimsútbreiðslu voru einnig með stórar greinar um víkingana, þar sem þáttur Íslands var fyrirferðarmikill. Þetta eru tímaritin *National Geographic* og *Time*, sem var með víkingana á forsíðu.

Það er því ljóst að samkvæmt tilraun sérfræðinga til að meta verðmæti þeirrar umfjöllunar sem Ísland fékk í fjölmiðlum í Kanada, Bandaríkjunum og Evrópu er vel yfir fjórir milljarðar íslenskra króna. Þetta verður að teljast nokkuð góð niðurstaða, en framlög til landafundanefndar á fjórum árum eru 401,1 milljónir króna.

Þá eru ótalin áhrif aðsóknar almennings í vesturheimi á þá viðburði sem voru í boði. Þar nýtur Íslendingur sérstöðu hvað aðsókn varðar. Um 120 þúsund manns heimsóttu Íslending á Nýfundnalandi, um 20 þúsund manns á Nova Scotia og yfir 90 þúsund manns í höfnum í Bandaríkjunum, eða alls um 230 þúsund manns. Ómögulegt er að meta áhrif slíkra heimsókna en reikna má með að allir þeir sem voru ánægðir með móttökurnar um borð í skipinu miðli þeirri ánægju til ættingja og vina. Þá var töluvert um að námsmenn á framhaldsskólastigi sem voru að skrifa ritgerðir um víkingana eða landnám og sögu Ameríku kæmu um borð til að afla upplýsinga.

Í Kanada tókst einkar vel að ná til fólks af íslenskum uppruna og virkja það til samstarfs. Talið er að ríflega 100 þúsund manns séu af íslenskum uppruna í Kanada. Langmestur hluti þessa fólks er í Manitoba. Þar var mest um að vera á vegum landafundanefndar í Kanada á árinu. Einn angur af þeim árangri sem náðist á þessu svæði sést t.d. á nýnnritun nemenda í íslenskudeild *Manitoba háskóla*. Þar eru þrefalt fleiri innritaðir nú í haust en í fyrra.

Góð og nán samvinna tóks við félög vestur Íslendinga og stofnað var til nýrra sambanda. Kanadamenn af íslenskum uppruna stofnuðu af eigin frumkvæði *Millennium 125* nefndina og kom mikið að undirbúningi og framkvæmd hátíðarhaldanna. Starf þessarar nefndar rennir styrkum stoðum undir samvinnu Íslendinga við frændur sína í Kanada í framtíðinni.

Með starfsemi landafundanefndar var einnig stefnt að því að styrkja samskipti íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld í Kanada og Bandaríkjunum. Við undirbúning viðburða á vegum nefndarinnar var haft náið samstarf við ýmsar opinberar stofnanir og ráðuneyti í þessum löndum. Á Nýfundnalandi tókst mjög gott samstarf við forsætisráðuneyti og samgönguráðuneyti fylkisins og komu bæði Brian Tobin forsætisráðherra og Charles Furey samgönguráðherra í heimsókn til Íslands á vormánuðum 2000. Þá fór Sturla Böðvarsson samgönguráðherra í heimsókn til Nýfundnalandis um haustið og Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra var fulltrúi Íslands við komu Íslendinga til L'ans aux Meadows. Mjög gott samstarf var milli landafundanefndar og ferðamálaráðs Nýfundnalandis við framkvæmd siglingar Íslendinga til Nýfundnalandis.

Þá fóru bæði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Davíð Oddsson forsætisráðherra í heimsóknir til Kanada. Davíð Oddsson forsætisráðherra átti meðal annars fund með Jean Chrétien forsætisráðherra Kanada. Fullvíst má telja að þessir fundir og það samstarf sem áður er nefnt, hafa orðið til þess að styrkja samband stjórnvalda í Kanada og á Íslandi.

Í Bandaríkjunum voru samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda mjög nánin í gegnum samstarfsnefnd aldamótanefndar Hvíta hússins (*The White House Millennium Council*) og landafundanefndar (*The Leifur Eiríksson Millennium Commission*). Það er til marks um hvað samskiptin voru góð að Bandaríkjaþing samþykkti lög til að heimila útgáfu sameiginlegrar myntar Seðlabanka Íslands og Myntsláttu Bandaríkjanna (*U.S. Mint*). Mikil samkeppni er um útgáfu minningarpeninga í Bandaríkjunum, en Myntsláttu Bandaríkjanna hefur aðeins heimild til að gefa út tvo minnispeninga á ári.

Gott samstarf þjóðanna í samstarfsnefndinni liðkaði mjög fyrir góðum samskiptum við t.d. bandarísku strandgæsluna í tengslum við komu Íslendinga og fylgdarskips hans í bandaríska lögsögu, og tryggði skipunum góða þjónustu í bandarískum fylkis- og ríkishöfnum. Þá skrifaði bandaríska sendiráðið í Reykjavík meðmælabréf með Íslendingi þar sem allir opinberir starfsmenn í Bandaríkjunum voru beðnir um að veita skipinu bestu þjónustu og aðstoð.

Sú athygli sem viðburðir á vegum landafundanefndar hlaut í fjölmiðlum í Kanada og Bandaríkjunum er traustur grundvöllur frekari útrásar Íslendinga í vestuheimi, hvort heldur sem sú útrás væri skipulögð af opinberum aðilum eða einkaaðilum. Við hafa verið mynduð tengsl sem rækta má í framtíðinni. Almennigur í þessum löndum Norður Ameríku veit aðeins meira um Ísland en hann vissi áður, sérstaklega á þeim svæðum sem viðburðirnir fóru fram og athyglin var mest. Samkvæmt upplýsingum frá Flugleiðum fjölgaði farþegum frá Bandaríkjunum til Íslands um 40% í októbermánuði miðað við október 1999.

Þó vel hafi til tekist má enn gera betur, enda mannfjöldi mikill og markaðurinn stór. Hins vegar hefur verið lagður mikilvægur grunnur, sem skynsamlegt væri að notfæra sér til frekari kynningar á Íslandi í Kanada og Bandaríkjunum á komandi misserum og árum. Landafundanefnd vill leggja til að nefnd sem hefði svipuð markmið starfi áfram að hálfu hins opinbera og vinni náið með einstaklingum, félagasamtökum, fyrirtækjum og stofnunum að Íslandskynningu í víðtækri merkingu þess orðs vestanhafs. Mætti í því efni horfa til 2-3 ára. Til þessa þyrfti að koma einhver fjárveiting. Að öðrum kosti væri verið að vannýta þá fjárfestingu sem lagt hefur verið í með starfsemi nefndarinnar til þessa, þó vissulega hafi hún skilað mjög miklu nú þegar.

Áframhaldandi samband við aðila í Kanada og Bandaríkjunum er hugsanlegt á nánast öllum sviðum. Tengsl hafa verið styrkt og mynduð við stjórnvöld, embættismenn, stofnanir, félagasamtök, söfn, fyrirtæki og einstaklinga sem geta nýst listamönnum, vísindamönnum, fræðimönnum og atvinnulífi á Íslandi. Mætti hugsa sér náið samstarf við t.d. Listahátíð í Reykjavík, Iceland-Naturally verkefnið, utanríkisþjónustuna og samtök Íslendinga í vesturheimi. Einnig þyrfti að skoða hvort framhald á siglingu Íslendinga t.d. um vötnin miklu og/eða niður Mississippi fljótið væri vænlegur kostur, en sigling Íslendinga var eins og allir vita miðpunktur athyglinnar í landafundadagskránni. Nefndin gæti bæði styrkt verkefni aðila sem leita til hennar og haft frumkvæði að því að leita til aðila um samstarf.

Möguleikar eru á auknum menningarsamskiptum, viðskiptum og samvinnu á sviði menntamála og rannsókna. Þá er hægt að rækta samskipti íslenskra, kanadískra og bandarískra stjórnvalda enn frekar. Víst er að aldrei hefur verið betra lag til að koma á framfæri menningu, fyrirtækjum, framleiðslu, ferðamennsku og sögu Íslands og einmitt nú þegar traustur grunnur hefur verið lagður. Slíkt starf myndi skila sér í beinum tekjum til íslensks atvinnulífs auk þess að bera hróður íslensks menningararfs enn víðar en orðið er.